

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.



Jón Kristjánsson

VEIÐIN Í MÝVATNI 1979.

Fjölrit 29

Reykjavík  
1980

Veiðin í Mývatni 1979.

Enn varð dráttur á, að skýrslur bærust úr vatninu og er það mjög bagalegt. Skýrslurnar voru póstlagðar þann 16. jan, og því ekki unnt að ganga frá þeim áður en veiðitími hafist 1. febrúar. Til þess að hægt sé að haga veiðifyrirkomulagi í samræmi við niðurstöður rannsókna, verða skýrslur að berast fyrir áramót, helst fyrr.

Farnar voru tvær rannsóknarferðir til Mývatns s.l. sumar, í júní og endaðan júlí. Í júní var safnað saman öllum veiðiskýrslum sem borist höfðu til formanns félagsins, og unnið úr þeim strax. Lítið vantaði á að allir hefði skilað skýrslum fyrir 3 fyrstu mánuðina. Þá fékkst góð hugmynd um hvernig vetrarveiðin hafði gengið, og mátti m.a. þá þegar sjá að aflaspáin sem gerð var í byrjun febrúar hafði staðist, þótt það væri á öðrum forsendum en gert hafði verið ráð fyrir. Í júlí-leiðangrinum var lögð áhersla á að kanna afkomu seiða sem klöktust um vorið, og virtist afkoma þeirra nokkuð góð, en frekari samanburð vatnar. Megintilgangur rannsóknarleiðangursins í júní var að fá hugmynd um samsetningu fiskstofnsins hvað varðar lengd og fjölda. Lögð voru net með mismunandi möskvastærðum á mörgum stöðum í vatninu, 105 lagnir alls. Allur aflí var mældur og veginn og sýni tekin til aldursgreiningar. Tafla 2 sýnir niðurstöður tilraunaveiðanna, og meðalfjöldi fiska sem veiddust í hverja möskvastærð, og mynd 1 sýnir lengdardreifingu aflans. Aflí í vatninu varð 12425 bleikjur og 1607 urriðar skv. skýrslum, og í töflu 1 sést hver aflinn varð í hverjum mánuði.

Túlkun á niðurstöðum.

Sú netasamstæða sem notuð var, á að gefa rétta hugmynd af stærðardreifingu fiskstofnsins frá ca 20 cm lengd. Ef lítið er á mynd 1 sést að nokkuð er af fiski yfir 40 cm lengd, meðalafli í lögn var 1.0 (45 mm net), og kemur það heim við meðalveiði banda í júní (tafla 1), síðan kemur "eyða" niður í 33 cm. Líklegt þykir mér að veiðiaukning súa, sem varð í ágúst og september hafi verið vegna þess að 27-33 cm fiskurinn frá í júní hafi þá verið að ná veiðanlegri stærð, og að aflinn þá verið mestmegnis fremur smár og geldur fiskur. Geta menn rifjað upp fyrir sér hvort svo hafi

Tafla 1. Afli og sókn í Mývatni 1979, skv. skýrslum.

	Fjöldi Bleikja	fiska Urriði	Fjöldi lagna	Fjöldi í lögn (Bleikja)
Febrúar	1954	60	2251	1.01
Mars	1349	25	2432	0.56
Apríl	797	43	1513	0.53
Maí	828	51	1108	0.84
Júní	1119	332	1052	1.06
Júlí	1903	544	1763	1.08
Ágúst	1893	251	886	2.13
September	1383	211	447	3.09
Samtals	11325	1517	11452	

Auk þess veiddust um 600 bleikjur og 40 urriðar á dorg, og 500 bleikjur og 50 urriða var ekki unnt að heimfæra til einstakra mánaða, þannig að heildarveiði virðist hafa orðið 12425 bleikjur og 1607 urriðar.

verið. Átuskilyrði voru mjög góð í vatninu s.l. sumar og er mjög líklegt (þótt ótrúlegt sé), að fiskurinn hafi getað vaxið ca 10 cm á 10 vikum.

Spá um veiðina 1980.

Sem kunnugt er var gerð aflaspá fyrir 1979, og er hún endurbirt hér til glöggvunar, ásamt þeim afla sem skýrslur sýndu (tafla 1).

	Spá fyrir 1979	Afli 1979
feb.	1600	1954
mars	1350	1349
apríl	1100	797
Samtals	4050	4100
maí-sept.	5000	7126
Samtals	9050	11226

Menn geta svo velt fyrir sér hvort hægt sé að gera aflaspár, byggðar á rannsókum. Rétt er að geta þess að þetta er í fyrsta og eina skipti sem spáð er um veiði með slíkum aðferðum, og getur það því verið tilviljun hve hún var nærri lagi. Aukin reynsla mun í framtíðinni styrkja slíkar spár, og segja til um hvaða þætti á að rannsaka, og hvenær. Þó svo að spá og veiði 3 fyrstu mánuðina hafi borið saman, er skylt að geta þess að það varð á mismunandi forsendum og er auðveldast að gera það með töflu:

	Spá	Reyndist
Veiðanlegur stofn 1. feb.	9900	6200
3 mán veiðiálag	40%	66%
Afli	4050	4100

Á grundvelli tilraunaveiða og aflaskýrslna má gera eftirfarandi spá fyrir 1980:

Febrúar: 4850, mars 3100 og apríl 2000, samtals 9950 bleikjur. Ekki lítur vel út með nýliðun í sumar (fiskur sem var 20-30 cm í júní 1979), en erfitt er að gefa tölur, m.a. vegna þess hve bleikjan vex hratt. Þannig gæti fiskur sem er undir 20 cm í júní 79, og veiðist því ekki í tilraunanet, verið orðin 35-40 cm í ágúst-september 1980. (Þetta mætti sjá með því að færa rannsóknartímenn aftur í ágúst). Varla eru þó líkur á að sumarveiði verði meiri en ca 6000, svo heildarafli ársins yrði þá í kring um 16000 fiskar. Ef reynslan sýnir að hægt sé að spá fyrir um veiði með öryggi, kemur til kasta veiðifélagsins að ákveða hvernig nýta megi fiskinn sem best og réttlátast, t.d. með breyttri möskvastærð, þegar það á við, og að úthluta félagsmönnum afla, en ekki netum, í samræmi við arðskrá. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að sá tími sé þegar kominn, og að það beri að treysta niðurstöðum rannsókna, í stað þess að rengja þær og lifa í stöðugri óskhyggju. Það yrði enginn í vafa ef Mývatn fylltist af fiski.

Rúll 6/2 1980

*Jón Þorsteinsson*

Tafla 2. Niðurstöður tilraunaveiði í júní 1979.

omf/mm	Fjöldi í lögn	Fj. lagna	Fiskar	Fj/lögn	Logtr. Fj/l	Varian	95 %mörk	Stofnstærð og 95% mörk fisks sem veiddist í hinar ýmsu möskvastærðir
14/45	1,3,3,2,2,3,4,0,0,1,0,2,0,1,0,0,1	17	23	1,35	1,0	.33	0,49-1,68	2700 - 5500 - 9200
16/40	0,1,0,0,0,0,0,0,0,0,1,2,0,0,	14	4	0,29	0,19	.12	0,00-0,44	1100 2400
18/35	0,0,1,2,0,0,0,0,0,1,1,0,0,	13	5	0,38	0,28	.14	0,03-0,58	200 1500 3200
20/32	1,0,2	3	3	1,0	0,82	.20	0,00-2,88	4500 15800
22/29	0,2,2,0,5,3,4,9,8,2,8,2,3,	13	48	3,7	2,77	.50	1,46-4,78	8000 15200 26300
24/26	1,0,0,1,2,4,1,1,0	9	10	1,1	0,84	.26	0,24-1,73	1300 4600 9500
26/24	0,1,0,0,0,0,0,0,0,0,	10	1	0,1	0,07	.04	0,00-0,15	400 800
28/23	3,2,0,0	4	5	1,2	0,86	.40	0,00-4,10	4700 22500
30/21	0,0,0,0,0,0,1,	7	1	0,14	0,10	.06	0,00-0,38	600 2100
32/19	1,1,0,1,0,0,0,0,4,2,0,1,1,7	15	18	1,20	0,73	.40	0,22-1,40	1200 4000 7700

Mynda.

MYNDA, JUNI 1979  
KEUBAARDREIHING AFKA ÚR  
TILRANNALETTUM, 105 LARNAIR.  
BLEIKJA.

